

Úrskurður nr. 11/2002.

- Tollverð

Kærður er úrskurður tollstjóra um tollverð á Oldsmobile Bravada bifreið, árgerð 1997. Kærandi krefst þess að reikningsverð verði lagt til grundvallar útreikningi aðflutningsgjalda. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.

Tollalög nr. 55/1987 8. gr., 10. gr., 16. gr., 101. gr., 108. gr. og 111. gr. Reglugerð nr. 374/1995. Reglugerð nr. 61/1989.

Með bréfi, dags. 21. október 2002, er barst nefndinni þann 22. s.m. kærir K., úrskurð tollstjóra, dags. 23. september 2002. Í hinum kærða úrskurði hafnar tollstjóri framkomnu reikningsverði vegna kaupa kæranda á nefndri bifreið og endurákvörðar tollverð skv. 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Kærandi krefst þess að uppgengið verð á innkaupsreikningi verði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra frá 23. september segir m.a. að deilt sé um tollverð á notuðu ökutæki af Oldsmobile gerð smíðaár 1997, með fast skráningarnr. KP 720. Bifreiðin var flutt til landsins í sendingu nr. S ARN 16 07 2 US OAK W102. Þá segir að tilefni endurákvörðunar aðflutningsgjalda sé sú að innflytjandi hafi farið fram á leiðréttingu tollafgreiðslu, dags. 19. júlí s.l., þannig að dregin sé til baka yfirlýsing um umsýslukostnað erlendis að fjárhæð USD 2.000, sem hann segir vera tilbúning og krefst þess að aðflutningsgjöld verði miðuð við fob-verð USD 6.100, sem sé verð ökutækisins samkvæmt framlögðum vörureikningi.

Í bréfi embættisins, til kæranda, um fyrirhugaða endurákvörðun var óskað eftir skýringum á því að kostnaður hafi upphaflega verið ranglega tilgreindur við tollmeðferð og jafnframt óskað eftir gögnum um viðskiptin, m.a. frumriti reiknings og gögnum um gjaldeyrisfærslu. Enn fremur segir í bréfinu að kaupverð bifreiðarinnar samkvæmt vörureikningi sé 47% undir viðmiðunarverði sem upp sé gefið sem markaðsverð í ritinu Red Book, sem er gefið út af eftirlitsaðilum bifreiðaiðnaðarins í Bandaríkjunum. Með hliðsjón af því telur tollstjóri að ástæða sé til að kanna hvort rétt sé að vefengja viðskiptaverðið og leggja það ekki til grundvallar við ákvörðun tollverðs, skv. 2. og 10.-14. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun.

Þá segir að í greinargerð kæranda sé því haldið fram að við tollafgreiðslu hafi tollvörður fullyrt við sig að vörureikningur væri rangur. Skýringar kæranda hafi ekki verið teknar gildar, þ.e. að bifreiðin hafi verið keypt á uppboði og verið skemmd og þess vegna sé verð hennar allt annað en fram kemur í Red Book en þar sé miðað við bifreiðar í fullkomnu ásigkomulagi. Tollvörður hafi ekki fallist á rök innflytjanda en hafi verið tilbúinn til þess að afgreiða tollpappírana ef innflytjandi gerði nýja skýrslu þar sem tilgreindur væri kostnaður upp á USD 2.000. Á þetta hafi innflytjandi fallist vegna þess að hann hafi verið í pressu vegna sumarleyfis fjölskyldunnar og hafi því gengið að þessum afarkostum fullviss um að hann gæti nýtt sér þann rétt að fá afgreiðsluna endurskoðaða.

Umræddur kostnaður sé algjör tilbúningur sem tollvörður hafi ákveðið einhliða, enda séu engin skjöl sem styðji þennan kostnað. Jafnframt kemur fram að mismunur kaupverðs og þess verðs sem seljandi greiddi fyrir bifreiðina á uppboði séu tæpar USD 2.000, samkvæmt afriti reiknings uppboðshaldara, dags. 29. apríl s.l. Er á innflytjanda að skilja að umrædd fjárhæð sé þannig til komin fyrir misskilning tollvarðar og eigi rætur að rekja til þessa mismunar. Enn fremur að innflytjandi hafi lagt fram útprentun af vefsíðu Edmunds.com, þar sem bifreið sömu gerðar í sambærilegu ásigkomulagi er metin á USD 7.661. Bágborið útlit bifreiðarinnar og forsaga hennar að öðru leyti, skýri hagstætt viðskiptaverð og er því mótmælt að það leiði til þess að viðskiptaverð sé dregið í efa og að ákvæði 15. gr., sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun eigi við í þessu tilfalli.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að með greinargerð innflytjanda hafi fylgt frumrit reiknings og skráningarskírteinis og yfirlit um gjaldeyrisviðskipti vegna bifreiðarinnar. Yfirlit gjaldeyrisyfirfærslu sé dags. 10. maí s.l., og viðtakandi greiðslu sé seljandi bifreiðarinnar Rivas Wholesale. Heildarfjárhæð er tilgreind USD 8.800 og sundurliðast svo: "Oldsm. Bravada Full P. USD 6.300", og "Auktion Fee and Handle USD 2.500". Með bréfi embættisins, dags. 9. sept. s.l., hafi embættið óskað eftir því að innflytjandi skýrði misræmi kaupverðs bifreiðarinnar sem kemur fram á kvittun fyrir gjaldeyrisyfirfærslu annars vegar og á vörureikningi hins vegar. Jafnframt er óskað skýringa á tilgreindri greiðslu fyrir "Auktion Fee and Handle". Í svarbréfi innflytjanda, dags. 11. sept. s.l., komi fram að endanlegt verð fyrir bifreiðina hafi ekki legið fyrir þegar hann hafi greitt umrædda fjárhæð USD 6.300, mismunurinn hafi verið færður á viðskiptareikning innflytjanda hjá Rivas Wholesale. Upphæðin sem tilgreind er sem greiðsla fyrir "Auktion Fee and Handle" sé vegna annarra viðskipta en hér um ræðir, en fyrirtækið sé að leita að hentugri bifreið á uppboði til að nota í varahluti í aðra bifreið sem er í eigu innflytjanda.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaga ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð innfluttrar vöru sé viðskiptaverð hennar. Samkvæmt 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995, skal tollstjóri við tollafgreiðslu ökutækis bera viðskiptaverð þess eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt. Tollstjóra ber að athuga hvort viðskiptaverð ökutækis sem um ræðir sé óeðlilega lágt miðað við ástand þess, innflutningsverð sams konar ökutækis sem flutt er til landsins á sama tíma eða markaðsverð sambærilegra ökutækja.

Fram hefur komið að uppgefið verð ökutækis þess sem hér um ræðir er 47% undir viðmiðunarverði sem gefið er upp í ritinu Red Book og tollstjóri styðst við sem viðmiðun, skv. 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Með hliðsjón af þessu var gerð athugasemd við tollafgreiðslu bifreiðarinnar og jafnframt óskað eftir skýringum og gögnum vegna hennar, m.a. frumriti reiknings, með bréfi tollstjórans, dags. 18. júlí. s.l. Tollstjóri hafnar því að með því að gera

athugasemd og óska skýringa hafi verið fullyrt að vörureikningur sé rangur. Er ekkert fram komið sem sýni annað en að tollvörður hafi gætt framangreindra ákvæða við tollafgreiðsluna. Ábyrgð á rangri skýrslugjöf eins og hér hefur átt sér stað hvílir á innflytjanda og hverjum þeim sem kemur fram fyrir hans hönd, skv. 2. mgr. 16. gr. tollalaga. Henni verður ekki varpað á starfsmenn embættisins.

Aðflutningsskýrslan með tilgreindum umsjónarkostnaði var lögð fram þann 18. júlí s.l., og þar sem innflytjandi lagði mikla áherslu á að fá bifreiðina tollafgreidda eins fljótt og auðið var vegna sumarleyfis, var bifreiðin tollafgreidd daginn eftir. Því fór ekki fram tollskoðun á bifreiðinni. Bæði tjónamat vegna bifreiðarinnar og ljósmyndir sem innflytjandi hefur sjálfur lagt fram, bera það með sér að útlitsgallar á henni séu óverulegir. "Trade in" verð sem innflytjandi vísar til á vefslóðinni Edmunds.com, er miðað við að ástand bifreiðarinnar sé "rough" og er þá metin á USD 7.661. Tollstjóri getur ekki fallist á að um sambærilega bifreið sé að ræða. Gerð var könnun á sömu vefslóð á verði sambærilegra bifreiða og reyndust þau í öllum tilfellum vera mjög í samræmi við þau verð sem uppgefin eru í Red Book. Tollstjóri telur að í því tilviki sem hér um ræðir verði ekki fallist á að útlitsgallar skýri hið mikla frávik. Fullyrðingar um forsögu bifreiðarinnar eru ekki studdar gögnum auk þess sem afrit af kvittun fyrir sölu bifreiðarinnar á uppboði er ógreinilegt og ekki ljóst af undirskrift hver í hlut á.

Gjaldeyrisyfirfærslan á sér stað eftir að bifreiðin er keypt á uppboði og skýringar þess efnis að kaupverð hafi þá þegar ekki verið afráðið er ekki stutt gögnum, né heldur aðgreining á nefndum viðskiptareikningi.

Í ljósi alls framangreinds getur embættið ekki fallist á að útskýringar innflytjanda skýri hið mikla frávik á reikningsverði og markaðsverði ökutækisins og er með vísan til 8. gr. reglugerðar nr. 374/1995, sbr. og ákvæða IV. og V. kafla sömu reglugerðar, ekki fallist á þá kröfu innflytjanda að framlagður reikningur fyrir kaupum á umræddri bifreið að fjárhæð USD 6.100, verði lagður til grundvallar við ákvörðun tollverðs.

Þá segir að ekki hafi reynst unnt að ákvarða tollverð umrædds ökutækis á grundvelli 2. eða 10.-14. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Kemur því til tollverðsákvörðunar á grundvelli 20. gr., sbr. 15. gr. reglugerðarinnar, sem kveður á um að tollverð skuli vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Tollverð bifreiðarinnar samkvæmt framansögðu er kr. 1.190.368, og nema reiknuð aðflutningsgjöld hærri upphæð en sem greidd var við tollafgreiðslu. Eru aðflutningsgjöld af sendingunni því vangreidd og sundurliðast sem hér segir:

Vangreitt vörugjald	kr. 163.651
Vangreiddur virðisaukaskattur	kr. 129.193
Dráttarvextir	kr. 10.323

Samtals	kr. 303.167
---------	-------------

Eins og fram hefur komið tók innflytjandi aftur yfirlýsingu um umsjónarkostnað USD 2.000, sem tilgreindur var við tollafgreiðslu þann 19. júlí s.l. Fyrir liggur að ekki hafi legið fyrir við tollafgreiðslu fullnægjandi upplýsingar og gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á, í skilningi 2. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Embættið telur einnig að 1. tölul. 5. mgr. 99. gr. eigi við í þessu tilfalli þar sem framlögðum gögnum eða upplýsingum sem látin voru í té við tollafgreiðslu hafi verið áfátt. Kemur því til endurákvörðunar aðflutningsgjalda skv. 1., sbr. og 5. mgr. 99. gr. tollalaga, þar sem ekki hafi verið unnt að byggja á framlögðum gögnum rétta álagningu aðflutningsgjalda. Um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum fer eftir ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Dráttarvextir reiknast frá eindaga aðflutningsgjalda, skv. reglugerð nr. 61/1989.

Ofangreind gjöld samtals að fjárhæð kr. 303.167, eru fallin í eindaga og ber að greiða þau ásamt dráttarvöxtum innan 15 daga frá póstlagningardegi þessa bréfs. Bent er á að lögveð er í bifreiðinni fyrir aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum og kostnaði, skv. 3. mgr. 111. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Með hliðsjón af ofanrituðu úrskurðar tollstjóri að innflytjandi, K., greiði aðflutningsgjöld að fjárhæð kr. 306.167, vegna endurákvörðunar aðflutningsgjalda af bifreið í sendingunni S ARN 16 07 2 US OAK W102 auk dráttarvaxta frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags.

Í kæru innflytjanda segir m.a. að með greinargerð til tollstjóra hafi hann leitast við að skýra mál sitt. Þar komi m.a. fram að sendingin hafi tafist og þar sem hann hafi ætlað að nota bifreiðina í sumarleyfi sínu hafi hann verið orðinn knappur á tíma. Því hafi hann beðið um flýtimeðferð við tollafgreiðslu. Því hafi verið ágætlega tekið en þegar greiða átti innflutningsgjöldin hafi því verið haldið fram af starfsmönnum tollstjóra að ekki væri rétt verð tilgreint á tollpappírnum. Var því haldið fram að ekki finndust bílar af þessari gerð á þessu verði hvorki á netinu né í "Blue Book". Kærandi kveðst hafa bent starfsmönnum tollstjóra á að í Blue Book væri um að ræða "retail" verð þar sem viðurkenndur bílasali ábyrgist að bíllinn sé í 100% ásigkomulagi bæði hvað varðar útlit og búnað og sér um allan kostnað við kaupin. Til að sannreyna þetta kveðst kærandi hafa flett upp á netinu upplýsingum um "trade in" verð sams konar bifreiðar og komu þá allt önnur verð upp en tollstjóri vísaði til. Þessar upplýsingar kveðst kærandi hafa látið tollstjóra í té. Um sé að ræða bifreið sem bandaríkt tryggingarfélag hefði greitt út, vegna þess að henni hafi verið stolið og hún skemmd, og kaupverðið á almennu uppboði þar með allt annað en umrædd "Blue Book" tekur á. Að vísa í handbók bílasala séu hæpin rök sem eigi ekki við í þessu máli. Verðmat á skemmdri bifreið fari eftir aðstæðum á hverjum stað og tíma.

Þá segir að starfsmaður tollstjóra hafi ekki tekið þessar skýringar kæranda gildar og sett þau skilyrði fyrir tollafgreiðslu að inn á tollskýrslu yrði settur kostnaður upp á USD 2.000. Þar sem lítill tími var til stefnu hjá kæranda til að fá bíllinn kveðst hann hafa gengið að þessum afarkostum og sett inn á tollskýrslu þennan kostnað fullviss um að geta sótt rétt sinn og fengið tollafgreiðsluna endurskoðaða. Embætti tollstjóra kjósi hins vegar að hnika sér

hjá því að viðurkenna að þessi umsjónarkostnaður sé einungis settur fram að eindreginni kröfu starfsmanns embættisins og sé því ekki um yfirlýsingu innflytjanda að ræða. Með leiðréttingartollskýrslu hafi verið lagður fram reikningur frá "California state auto association" til stuðnings og skýringar við ósk um endurákvörðun tollverðs. Embætti tollstjóra hafi ekki tekið til greina gögn í málinu og vefengir nefndan reikning frá California state auto association. Um sé að ræða reikning frá opinberum uppboðsaðila sem sýnir uppboðsverð bifreiðarinnar. Embættið kjósi að vísa í Red book í úrskurði sínum máli sínu til stuðnings og telur að verð í því riti sé haldgóður grundvöllur fyrir þessari tollverðsákvörðun. Það kjósi að líta fram hjá staðreyndum málsins, þ.e. að bifreiðin hafi verið keypt á uppboði og þar gildi önnur verð en gerist og gengur á almennum markaði. Þá vefengir það framlögð gögn um uppboðsverð og trúverðugleika reiknings seljanda, Rivas Wholesale. Á þessum gögnum sjáist að verðmunur á uppboði og verði seljanda séu tæpir USD 2.000. Þá vísar kærandi til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 9/2000.

Þá segir að tollstjóri kjósi að efast um skemmdir á bifreiðinni og telur þær óverulegar þrátt fyrir að gögn segi annað. Í greinargerð tollstjóra sé því haldið fram að yfirlýsingar um forsögu bifreiðarinnar séu ekki studdar gögnum. Því sé til að svara að þegar bifreiðin fór á uppboð af einhverjum orsökum sé ekki getið um forsögu viðkomandi ökutækis, en reikningur frá "California state auto association" skýri svo ekki verði um villst að hér er um að ræða opinbert uppboð, engin ábyrgð er tekin á viðkomandi ökutæki, og hljóta það að teljast haldgóð gögn. Þá reyni embættið í úrskurði sínum að gera gjaldeyrisfærslu og dagsetningu uppboðs tortryggilega (sem kemur fram á reikningi "California state auto association" og eru hér talin fullnægjandi gögn, þótt áður sé efast um áreiðanleika þeirra sömu gagna!). Í ljósi allra þeirra upplýsinga og gagna sem ég hef lagt fram til embættis tollstjóra komi á óvart að það treysti sér ekki til að fallast á skýringar og gögn til stuðnings þeim, sem skýra frávík frá viðmiðunarverði bifreiðarinnar. Það má geta þess að kostnaðarverð bifreiðarinnar er nú komið í kr. 2.983.757 miðað við hinn kærða úrskurð en viðmiðunarverð samkvæmt umboði GM á Íslandi, Ingvari Helgasyni hf., er kr. 1.850.000. Í ljósi þessa er þess krafist að ríkistollanefnd ákvarði tollverð umræddrar bifreiðar á grundvelli framlagðs reiknings, sem sé réttur og óvefengjanlegur.

Ríkistollanefnd sendi kærana þann 24. október 2002 til tollstjórans í Reykjavík til umsagnar. Í svari sem barst nefndinni þann 15. nóvember s.á. segir m.a. að það hafi verið mistök hjá embætti tollstjóra að tollafgreiða bifreiðina á grundvelli vöruheiknings að upphæð USD 6.100,00 og annars kostnaðar að upphæð USD 2.000,00 þar sem engin gögn standa á bak við þennan kostnað. Hins vegar hafi aðflutningsskýrsla verið árituð um að þessum kostnaði skuli bætt við af hálfu umboðsaðila kæranda. En í 2. mgr. 16. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, segir að innflytjandi, eigandi eða annar aðili, sem afhendir tollstjóra skriflega aðflutningsskýrslu eða veitir upplýsingar með öðrum hætti vegna tollafgreiðslu vöru, beri ábyrgð á því að þær upplýsingar séu réttar. Sama gildir um hvern þann sem kemur fram gagnvart tollstjóra fyrir hönd aðila sem um ræðir í þessari grein.

Þann 29. júlí s.l. móttók embættið leiðréttu aðflutningsskýrslu vegna framangreindrar sendingar, þar sem farið var fram á að annar kostnaður að upphæð USD 2.000,00 yrði felldur niður. Gáfu framlögð gögn við tollafgreiðslu bifreiðarinnar tilefni til þess að frekari skýringa væri óskað áður en leiðrétting væri móttækin. Var innflytjandi sendingarinnar af þessum sökum krafinn skýringa. Þá segir að innflytjandi hafi gefið m.a. þær skýringar að um tjónabifreið væri að ræða og að seljandi hefði keypt bifreiðina á uppboði á mjög hagstæðu verði og þar af leiðandi væri verðið þetta lágt. Tekið skal fram að ekki kom fram á aðflutningsskýrslu, farmbréfi né reikningi að um væri að ræða bifreið sem orðið hefði fyrir tjóni og var bifreiðin því ekki skoðuð sem slík eins og vani er hjá embættinu áður en slíkar bifreiðar eru tollafgreiddar. Það er ekki fyrr en síðar að því er haldið fram af hálfu kæranda að umrædd bifreið hafi orðið fyrir tjóni og lögð eru fram gögn því til stuðnings. Myndir af bifreiðinni og skýrsla frá Bretti ehf., gerð 28. ágúst s.l., geti ekki borið um ástand bifreiðarinnar við innflutning hennar til landsins. Þann 16. júlí s.l.

Því var það niðurstaða úrskurðar embættisins, frá 23. sept s.l., að innflytjanda bæri að greiða aðflutningsgjöld samkvæmt áætlun embættisins á grundvelli reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, með síðari breytingum, þar sem ekki hefðu borist fullnægjandi skýringar sem réttlættu 47% frávík frá viðmiðunarverði.

Hvað varðar gjaldeyrisfærsluna telur tollstjóri að hún gefi tilefni til þess að skoða málið frekar. Þar er heildargreiðsla til Rivas Wholesale USD 8.800, sundurliðuð sem „Oldsm. Bravada full p. USD 6300.00" og „Auktion fee and handle USD 2.500.00". Kærandi hafi ekki útskýrt umrædda yfirfærslu á fullnægjandi hátt að mati embættisins. Hann hafi ekki lagt fram neinar sannanir fyrir fullyrðingum sínum um að mismunur USD 6.300 og USD 6.100 hafi verið lagður inn á viðskiptareikning sinn hjá fyrirtækinu. Jafnframt hafi hann ekki lagt fram neitt er staðfestir að USD 2.500 séu til þess að greiða fyrirtækinu fyrir leit að hentugum bíl sem hægt væri að nota í varahluti fyrir aðra bifreið kæranda. Í ljósi framangreinds telur embættið skýringar kæranda ekki vera nægilega traustar og haldgóðar til þess að þær verði lagðar til grundvallar.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að við meðferð málsins hjá embættinu hafi kærandi framvísað verðdæmum af heimasíðunni www.edmunds.com, þar sem hann bendi á að verð umræddrar bifreiðar sé ekki langt frá þeim verðum sem þar koma fram. Starfsmenn embættisins hafi sjálfir farið inn á umrædda heimasíðu og reiknað sambærilega bifreið út. (Embættið telur ekki hægt að miða við að ástand umræddrar bifreiðar sé „rough", heldur beri að miða við annað hvort „average" eða jafnvel „clean".) Embættið er ekki sammála því að miða eigi við svokallað „trade-in" verð, þar sem ljóst er að þar er átt við uppistöku verð, sem alltaf er talsvert lægra en söluverð bifreiðar. Hafa þarf því hliðsjón af hinum tveimur verðunum sem gefin eru upp, „private party" eða „dealer retail". Rétt er að þau verð sem fram koma við þann útreikning eru ekki jafn langt frá reikningsverði umræddrar bifreiðar og þau er fram koma í Red book. Hins vegar eru umrædd verð aðeins til viðmiðunar (eru sett fram sem tillaga) og ekki um að ræða raunveruleg verð. Ef á sömu síðu er valinn hnappurinn „Search Used Car Listings" kemur upp listi yfir sambærilegar

bifreiðar sem eru til sölu. Ásett verð fyrir sambærilega bifreið og hér er til umfjöllunar eru USD 11.695,00. Telur embættið að þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu geti ekki réttlætt þau miklu frávík sem eru frá þessu verði. Þótt að sambandi aðila væri öðruvísi háttáð í þessu tilviki en á milli bílasala og kaupanda, telur embættið það ekki geta réttlætt mikil frávík frá umræddu verði.

Með vísan til framangreinds og forsendna umrædds úrskurðar er þess krafist að hann verði staðfestur.

Kærandi var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 15. nóvember 2002. Í svari sem barst nefndinni þann 29. s.m. telur kærandi að tollstjóri hafi í umsögn sinni ekki lagt neitt nýtt fram í málinu. Kærandi telur að málið snúist fyrst og fremst um framgöngu embættisins í þessu máli, og þá fullyrðingu þess að framlagður reikningur sé ekki trúverðugur. Sú fullyrðing sé ekki studd neinum rökum. né hafi embættið rannsakað sannleiksgildi þeirra gagna sem lögð hafa verið fram. Kærandi telur að slíkur málatilbúningur sé ekki sæmandi jafn veigamiklu embætti í stjórnsýslunni.

Kærandi heldur því fram að tollstjóri vilji gera hann ábyrgan fyrir sínum eigin mistökum við tollafgreiðslu en viðurkenni þau mistök í umsögn sinni. Það megi sjá af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram að hann hafi verið gerður afturreka með upprunalega tollskýrslu og það liggi í augum uppi að hann hafi ekki fundið það upp hjá sjálfum sér að bæta á aðflutningsskýrslu hinum tilbúna kostnaði. Þá mótmælir kærandi því að hann hafi haldið því fram að um tjónabifreið sé að ræða. Sú fullyrðing sé bæði röng og ósönn. Um sé að ræða uppboðsbifreið svo kallað "theft recovery" og á henni séu útlitsgallar eins og fram komi í gögnum. Kærandi segir tollstjóra gera því skóna í umsögn sinni að bifreiðin hafi skemmt eftir að hún var tollafgreidd. Það séu dylgjur og órökstuddur málflytningur. Myndir sem framvísað hafi verið séu teknar í U.S.A. og skýrslan frá Bretti ehf. sé fengin til mats á skemmdunum. Þessu til stuðnings leggur kærandi fram bréf frá starfsmönnum Frumherja sem skráðu bifreiðina 19. júlí s.l. og staðfesti það útlit og ástand bifreiðarinnar þennan dag. Sú skoðun hafi farið fram einni klukkustund eftir að bifreiðin var afhent í Reykjavík. Þá telur kærandi að tollstjóri hafi í umsögn sinni loksins fallist á og viðurkennt að bifreiðin hafi upprunalega verið keypt á uppboði af Rivas wholesale U.S.A. og þar með gert tilefnislausar vangaveltur sínar um vefsíður og markaðsverð. Uppboðsgögn sýni verðið til Rivas wholesales og kaupverðið sé rétt tilgreint á reikningi fyrirtækisins sem fylgdu tollskýrslu. Embætti tollstjóra hafi ekki, þrátt fyrir dylgjur um að reikningurinn sé falsaður, gert neina rannsókn á honum né framvísað gögnum sem hreki sannleiksgildi hans. Kærandi telur að hann hafi gert fulla grein fyrir gjaldeyrisfærslu sinni og telur að ekki verði um villst hver upphæðin sé sem greidd var fyrir vöruna enda sé þar talað um "full payment". Sömuleiðis að gerð hafi verið full grein fyrir liðnum "auktion fee and handle".

Þá bendir hann á að einungis skráð fyrirtæki í U.S.A. megi kaupa á uppboðum og geti síðan einungis selt áfram til útlanda eða notað bifreiðarnar til niðurrifs. Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 9/2000 og telur að um sambærileg mál sé að ræða

Kærandi segir að á síðustu vikum hafi komið upp svipuð atvik og þau sem hér er verið að fjalla um, þ.e. að gerðar hafa verið athugasemdir við reikninga á innfluttum bifreiðum. Þær hafi hins vegar verið tollafgreiddar á grundvelli framlagðs reiknings eftir að innflytjendur hafa framvísað uppboðsgögnum líkt og hann hafi gert. Væntir hann þess að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar verði höfð í huga og sú grundvallarregla að hver maður sé álitinn saklaus uns sekt er sönnuð þegar nefndin kveði upp úrskurð sinn.

Kærandi ítrekar fyrri kröfur um að framlagður reikningur verði lagður til grundvallar við ákvörðun tollverðs.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og kynnt sér þau gögn sem hafa verið lögð fram. Í máli þessu er deilt um tollverð á Oldsmobil Bravada bifreið sem flutt var inn notuð frá Bandaríkjunum. Reikningur sem innflytjandi framvísaði við tollyfirvöld hljóðaði upp á USD 6.100. Á gjaldeyrisyfirfærslu kemur hins vegar annars vegar fram fjárhæðin USD 6.300 og hins vegar umsýslukostnaður upp á USD 2.500. Kærandi heldur því fram að tollyfirvöld hafi ekki heimilað tollafgreiðslu bifreiðarinnar nema hann bætti USD 2.000 umsýslukostnaði við innkaupsverð bifreiðarinnar. Kærandi heldur því fram að nefndur umsýslukostnaður sé vegna annarra viðskipta ótengdum þessum bifreiðakaupum. Tollstjóri hafnar fram komnum skýringum kæranda, telur innkaupsverðið ótrúverðugt og ákvarðar tollverð bifreiðarinnar skv. ákvæðum 20. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun.

Samkvæmt 8. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er tollverð innfluttrar vöru hið svokallaða viðskiptaverð hennar, þ.e. það verð, sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna. Um tollverð og tollverðsákvörðun gildir reglugerð nr. 374/1995, sem sett er skv. heimild í 10. gr. tollalaga. Í 2. gr. reglugerðarinnar er grunnregla 8. gr. tollalaganna ítrekuð, þ.e.a.s. að tollverð vöru sé viðskiptaverð hennar. Í IV. kafla reglugerðarinnar er á hinn bóginn mælt fyrir um hvernig tollverð vöru skuli ákveðið þegar viðskiptaverð verður af einhverjum ástæðum ekki lagt til grundvallar. Meginreglan við þær aðstæður er sú að leggja skuli til grundvallar viðskiptaverð sams konar vöru á sams konar viðskiptastigi, sem seld er eða flutt inn á sama eða svipuðum tíma og varan, sem verið er að virða, sbr. nánar 10. og 14. gr. reglugerðarinnar. Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10. - 14. gr. skal það ákvarðað *“með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli upplýsinga hér á landi”*, sbr. nánar 15. gr. reglugerðarinnar.

Í V. kafla reglugerðarinnar er að finna sérákvæði vegna innflutnings ökutækja. Þar segir m.a. í 20. gr. að við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10. - 14. gr., skuli tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá tollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt henni skal við útreikning tollverðs í þessum tilvikum fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði

ökutækisins skv. bifreiðaskrá tollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda, sem skal áætluð, 12% vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra, sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þegar líklegt FOB-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. framanskráðu skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis á nánar tilgreindan hátt.

Það kemur fram í hinum kærða úrskurði að tollstjóri byggði ákvörðun sína á því, að skýringar kæranda á því hvers vegna viðskiptaverð bifreiðarinnar væri mun lægra en markaðsverð sambærilegra bifreiða í innkaupslandinu, væru ekki fullnægjandi. Hann ákvað því að beita 20. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun. Í gögnum málsins liggur jafnframt fyrir að hann hafi ekki talið sér fært að beita samanburðarreglum 10. til 14. gr. reglugerðarinnar við tollverðsákvörðunina.

Samkvæmt 19. gr. reglugerðar nr. 374/1995 ber tollstjóra að safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum, sem helst má vænta innflutnings frá. Í samræmi við þetta ákvæði hefur tollstjórinn í Reykjavík lagt tollstjórum til ritið Red Book sem er gefið út af "Price Digests". Ritið er notað af opinberum aðilum og viðurkennt um öll Bandaríkin sem grundvallarit um verð notaðra bifreiða. Upplýsingar þær, sem þar er að finna, hafa ekki verið vefngdar af kæranda. Fyrir liggur að reikningsverð bifreiðarinnar er umtalsvert lægra en markaðsverð á bifreiðum sömu gerðar samkvæmt upplýsingum úr ritinu Red Book. Munurinn er tæpur helmingur. Enda þótt reikningsverði verði ekki hafnað við tollverðsákvörðun eingöngu vegna þess að það sé lágt og hagstæðara fyrir kaupanda en almennt gerist í sambærilegum viðskiptum, er engu að síður ljóst að ef frávik í þessu efni eru mjög umtalsverð, verða skýringar á verðmyndun að vera traustar og haldgóðar ef leggja á hið lága innkaupsverð til grundvallar útreikningi tollverðs.

Að mati ríkistollanefndar geta skýringar kæranda ekki skýrt þann mikla verðmun sem að framan er rakinn. Því er haldið fram af kæranda að það að bifreiðin sé keypt af aðila sem keypti hana á uppboði og að hún sé endurheimt úr þjófnaði (theft recovery) sé skýringin á því að hún sé svo ódýr sem raun ber vitni. Á myndum sem kærandi sendi af bifreiðinni, teknum erlendis, má sjá að hún hefur orðið fyrir einhverju hnjaski, óverulegu þó. Hvort það réttlæti hinn mikla verðmun sem er á uppgefnu innkaupsverði og því verði sem fram kemur í ritinu Red Book og sagt er meðalverð bifreiða af þessari tegund verður að telja ólíklegt. Ekki verður séð af gögnum málsins að kærandi hafi við innflutning bifreiðarinnar tilgreint skemmdir á henni. Verð á Oldsmobil Bravada er samkvæmt Red Book USD 11.600. Það að erlendir aðili "Rivas Wholesale" kaupi bifreið á uppboði og selji hana síðan langt undir meðalgangverði sams konar bifreiða í innkaupslandinu til aðila sem er honum með öllu ótengdur, verður að telja ótrúverðugt. Með hliðsjón af ofanrituðu telur ríkistollanefnd að það verð sem kærandi gefur upp sem kaupverð bifreiðarinnar Oldsmobil Bravada verði ekki lagt til grundvallar útreikningi tollverðs.

Í skýringum á gjaldeyrisfærslu til kæranda, vegna þessara viðskipta, kemur fram að heildaryfirfærsla til hans er USD 8.800 sem skiptist þannig:

Oldsmobil Bravada USD 6300 og USD 2.500 vegna "Auktion fee and handle". Sú skýring kæranda að USD 2.500 sé vegna leitar að varahlutum í aðra bifreið í hans eigu er ekki studd neinum gögnum og er því hafnað.

Kærandi vísar til úrskurðar 9/2000 og telur það mál sambærilegt við það sem hér er til umfjöllunar. Í máli 9/2000 var deilt um tollverð bifreiðar sem flutt var inn notuð frá USA. Um var að ræða tjónabifreið sem keypt hafði verið á uppboði og þurfti töluverðrar lagfæringar við. Ríkistollstjóri taldi reikningsverð bifreiðarinnar trúverðugt eftir að hafa rannsakað tilurð þess í innkaupslandinu. Það liggur fyrir í því máli sem hér er til úrskurðar að kærandi keypti bifreiðina Oldsmobile Bravada ekki á uppboði, heldur beint af fyrirtækinu Rivas Wholesale, sbr. fyrirliggjandi reikning. Hér er því um ósköp venjuleg lausafjárviðskipti að ræða milli óskyldra aðila. Þegar af þessari ástæðu er mál þetta ósambærilegt við mál nr. 9/2000.

Í ljósi þess hve mikil frávík eru á reikningsverði hinnar innfluttu bifreiðar annars vegar og markaðsverði sambærilegra bifreiða hins vegar, m.v. uppgefin verð í ritinu Red Book, og þess að engin líkleg skýring er gefin á þessum mikla mun er framlögðum reikningi hafnað. Því er með vísan til ákvæða IV. og V. kafla rgl. nr. 374/1995 ekki hægt að fallast á kröfu kæranda að framlagður reikningur fyrir kaupum á bifreiðinni verði lagður til grundvallar við tollafgreiðslu hennar.

Með vísan til framanritaðs telja nefndarmenn rétt í þessu máli að ákvarða tollverð Oldsmobile Bravada bifreiðarinnar samkvæmt 20. - 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð. Hinn kærði úrskurður tollstjórans í Reykjavík frá 23. september 2002 um ákvörðun tollverðs af bifreið sem flutt var til landsins í sendingu nr. S ARN 16 07 2 US OAK W102 skal standa óbreyttur.